



## FUNDARGERÐ

**Yfirskrift / efni:** 5. fundur stjórnar KLÍ, 2011-2012

**Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ

**Hvenær:** Fimmtudagur 11.08.2011 kl. 17:30

**Þátttakendur:** Þórir Ingvarsson (ÞI) formaður  
Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMÞ) varaformaður  
Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM) fundarritari  
Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður

**Boðuð forföll:** Guðmundur Sigurðsson (GS) ritari  
Ólafur Páll Vignisson (ÓPV) gjaldkeri  
Höskuldur Höskuldsson (HH) varamaður  
Ingi Geir Sveinsson (IGS) varamaður

**Fjarverandi:**

**Fundarritari:** LHM

**Helstu mál:** Fundargerð s.f., dagskrá, Norðurlandamót ungmenna, kúlureglur, venslasamningar og önnur mál.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Fundargerð síðusta fundar:

Samþykkt.

#### 2. Deildir:

A.T.H hvort leikir Skagamanna geti farið fram á öðrum dögum en sunnudögum, t.d. laugardaga eða jafnvel sömu daga og deildirnar eru. Margir sem vilja spila þá daga. ? hvort Sigurbjörn er búin að raða niður dagskránni.

Vantar að auglýsa Reykjavíkurmótin, félögin þurfa að koma sér saman um dagsetningar. Þjappa saman úrslitum í vor, þ.e.a.s spila sunnudag, mánudag og þriðjudag, ekki sunnudag, þriðjudag og fimmtudag, einnig athuga afhverju er vika á milli úrslita. Setja dagskrá inná kli.is. Þ.I. sendir á Sigurbjörn í mótanefnd þessar athugasemdir. Þórhallur Hálfðánarson (Tolli) klárar uppsetningu og setur á kli.is

#### 3. Norðurlandamót ungmenna:

Búið að bóka Hótel Plaza við Ingólfstorg. Gott tilboð, þarf að staðfesta 8. vikum fyrir mót. Íslensku keppendurnir gista einnig á hótelinu.

#### 4. Kúlureglur:

Samþykkt að ÞI sendi á félögin drög að kúlureglum.

#### 5. Venslasamningar:

Fjallað um reglur venslasamninga. ÞMÞ gerði athugasemd varðandi umfjöllun um venslasamninga á þessum fundi þar sem mættir voru eingöngu ÍR-ingar auk ÞI og niðurstaða þings KLÍ var ekki ÍR-ingum hliðholl við afgreiðslu þessa máls. Ákveðið var að leikvikan skyldi vera sunnud. – laugardags. Varðandi refsingu við brot á Venslasamningum var ákveðið að vísað yrði til reglna Aganefndar gr. 4 e liður um ólögmeata þáttöku í leik og myndi þá vikomandi leikmaður fá 10 seríur í bann auk þess sem liðið gæti ekki notað venslasamninginn í 10 seríur.

### 6. Önnur mál:

Þ.I kynnir og athugar áhuga keilufélaga á þjálfaranámskeiði ETBF 1. stigi

Fundi slitið 19:00 – næsti fundur óákveðinn.